



Reykjavík, 18. maí 2026

Málsnúmer: SFS25050007

Ráðhús Reykjavíkur
Borgarráð

Efni: Breyting á rekstrarleyfi LFA ehf. vegna leikskólans Korpukots

Óskað er eftir að sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs verði heimilað að breyta rekstrarleyfi LFA ehf., til samræmis við meðfylgjandi drög, með þeim hætti að LFA ehf. verði heimilt að reka leikskóla í Korpukoti við Fossaleyni 12, fyrir allt að 120 börn á aldrinum 12 mánaða til 6 ára, þar af 38 börn á aldrinum 12 – 18 mánaða. Lagt er til að breytingin taki gildi 1. júní 2026. Frá sama tíma falli úr gildi rekstrarleyfi dags. 14. júní 2023. Þá verður í rekstrarleyfi ekki lengur skírskotað til leikskólans Fossakots enda hefur rekstri þar verið hætt samkvæmt tilkynningu rekstraraðila þar um.

Greinargerð:

Skóla- og frístundasvið hefur haft til meðferðar umsókn frá LFA ehf., kt. 590104-2720, dags. 5. maí 2025 um fjölgun barna í leikskólanum Korpukoti vegna sameiningar Fossa- og Korpukots. Rekstraraðili beggja leikskóla er LFA ehf. Umsókninni fylgdi teikning af efri hæð Korpukots sem sýndi breytingu á húsnæði skólans þar sem m.a. fjölnotasal var breytt í deildarrými.

Óskað er eftir heimild til að reka leikskóla í húsnæði Korpukots að Fossaleyni 12 fyrir 120 börn í stað 100 barna.

Leikskólastarfsemi í Fossakoti hætti þann 31. ágúst 2025.

Núverandi rekstrarleyfi, dagsett 14. júní 2023, heimilar LFA ehf að starfrækja leikskóla fyrir allt að 80 börn á aldrinum 12 mánaða til 6 ára, þar af 17 börn á aldrinum 12 – 18 mánaða í húsnæði Fossakots að Fossaleyni 4 og fyrir 100 börn á aldrinum 12 mánaða til 6 ára, þar af 38 börn á aldrinum 12 – 18 mánaða, í húsnæði Korpukots að Fossaleyni 12, auk heimildar til að reka leikskóla fyrir 58 börn á aldrinum 12 mánaða til 6 ára, þar af 38 börn á aldrinum 12-18 mánaða í húsnæði að Bakkastöðum 77.

Við breytinguna eykst heimild LFA ehf. vegna leikskólastarfsemi í Korpukoti um 20 börn en rekstrarleyfi Fossakots fellur úr gildi á sama tíma. Í heildina fækkar því leikskólarýmum um 60. LFA ehf. rekur einnig leikskóla í Bakkakoti þar sem heildarfjöldi barna er 58 samkvæmt rekstrarleyfi þar um. Heildarfjöldi barna í leikskólum LFA ehf. verður þá 178 börn í stað 238 barna áður.

Húsnæði leikskólans hefur verið skoðað af fulltrúum fagskrifstofu leikskóla og telst standast kröfur um lágmarks aðstöðu og rými vegna þeirrar fjölgunar sem óskað er eftir.



Fyrir liggja eftirtalin gögn:

1. Umsögn foreldraráðs
2. Starfsleyfi Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur vegna starfsemi að Fossaleyni 12
3. Vottorð um lokaúttekt slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins
4. Drög að nýju rekstrarleyfi

Niðurlag

Skóla- og frístundasvið gerir ekki athugasemd við að rekstrarleyfi verði breytt með þeim hætti að LFA ehf. verði heimilt að reka leikskóla í Korpukoti við Fossaleyni 12, fyrir allt að 120 börn á aldrinum 12 mánaða til 6 ára, þar af 38 börn á aldrinum 12 – 18 mánaða.

Lagt er til að breytingin taki gildi 1. júní 2026. Frá sama tíma falli úr gildi rekstrarleyfi dags. 14. júní 2023.

Virðingarfyllt

Steinn Jóhannsson
sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Hjálagt:
Drög af rekstrarleyfi



Rekstrarleyfi fyrir sameinaða leikskólann Korpukot og Bakkakot

Með vísun til 25. gr. laga nr. 90/2008 um leikskóla og reglur Reykjavíkurborgar um leyfi til reksturs leikskóla veitir skóla- og frístundaráð Reykjavíkurborgar hér með LFA ehf., kt. 590104-2720, leyfi til að reka sameinaðan leikskóla Korpukot og Bakkakot.

Fyrir liggja teikningar af húsnæði leikskólans að Fossaleyni 12 og Bakkstöðum 77, 112 Reykjavík. Veitt er heimild til að reka leikskóla í húsnæði Korpukots að Fossaleyni 12, fyrir 120 börn á aldrinum 12 mánaða til 6 ára, þar af 38 börn á aldrinum 12 – 18 mánaða og fyrir 58 börn á aldrinum 12 mánaða til 6 ára, þar af 38 börn á aldrinum 12-18 mánaða í húsnæði Bakkakots að Bakkastöðum 77.

Vottorð liggja fyrir frá heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur um að húsnæðið uppfyllir þær kröfur sem gerðar eru til starfseminnar.

Við leikskólann skal starfa leikskólastjóri sem uppfyllir skilyrði fyrir ráðningu leikskólastjóra í lögum um leikskóla nr. 90/2008 og lögum nr. 95/2019 um menntun, hæfni og ráðningu kennara og skólastjórnenda í leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla.

Við ráðningu annarra starfsmanna leikskólans skal gætt ákvæða laga nr. 95/2019 um menntun, hæfni og ráðningu kennara og skólastjórnenda í leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla, um í 2/3 hluta stöðugilda við kennslu, umönnun og uppeldi barna séu ráðnir leikskólakennarar.

Rekstraraðila ber að láta alla starfsmenn leikskólans undirrita yfirlýsingu um að þeir muni gæta þagnmælsku um hagi barna og foreldra þeirra sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu og leynt skulu fara samkvæmt lögum, fyrirmælum yfirmanna þeirra og eðli máls.

Austurmiðstöð veitir leikskólanum sérfræðiþjónustu, sbr. reglugerð nr. 444/2019 um skólaþjónustu sveitarfélaga við leik- og grunnskóla og nemendaverndarráð í grunnskólum.

Leikskólastjóra er skylt að endurskoða skólanámskrá reglulega og leggja hana fyrir skóla- og frístundaráð til staðfestingar. Skólanámskrá leikskólans er í vinnslu.

Starfsáætlun ber að skila árlega samkvæmt nánari ákvörðun skóla- og frístundaráðs.

Leikskólanum er skylt að meta með reglubundnum hætti gæði leikskólastarfsins á grundvelli 17. gr. laga nr. 90/2008 um leikskóla og reglugerð nr. 893/2009 um mat og eftirlit í leikskólum og eftirlitsskyldur sveitarstjórna um skólahald. Upplýsingar um matið ber leikskólanum að birta opinberlega ásamt tengslum þess við skólanámskrá og áætlanir um umbætur.

Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar framkvæmir ytra mat og hefur eftirlit með leikskólanum. Ber leikskólanum að láta skóla- og frístundasvið í té gögn um innra mat sitt ásamt öðrum upplýsingum sem eru nauðsynlegar vegna ytra mats og eftirlits. Við leikskólann skal starfa eitt foreldraráð í samræmi við 11. gr. laga um leikskóla nr. 90/2008.



Uppfylli leikskólinn ekki ofangreind skilyrði getur skóla- og frístundaráð afturkallað rekstrarleyfið, ef rekstraraðili bregst ekki við athugasemdum innan tilskilins frests. Rekstrarleyfi tekur gildi 1. júní 2026 og frá sama tíma fellur úr gildi rekstrarleyfi útgefið, dags. 14. júní 2023.

Reykjavík, [dagst.]

sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar